

# Slysa- og ábyrgðartrygging íþróttamanna

Staðlað upplýsingarskjal um váttryggingu



Skilmáli P-1

Vörður tryggingar

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

## HVERNIG TRYGGING ER SLYSA- OG ÁBYRGÐARTRYGGING ÍÞRÓTTAMANNA?

Tryggingin gildir fyrir íþróttafélög sem eru aðilar að Íþróttá og Ólympíusambandi Íslands og gildir fyrir allar íþróttastarfsemi þeirra. Tryggir alla félagsmenn og starfsmenn íþróttafélags en ekki til atvinnuíþróttamanna. Tryggingin gildir við framkvæmd verka eða athafna sem lög eða samþykktir íþróttafélaga fjalla um, einnig við skipulagningu og framkvæmd allra móta váttryggingataka.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

#### SLYSATRYGGING

- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyss.
- ✓ Greiðir bætur vegna andláts sem undir ákveðnum kringumstæðum.

#### ÁBYRGÐARTRYGGING

- ✓ Skaðabótaskyldu sem fellur á íþróttafélag eða iðkanda.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

#### SLYSATRYGGING

- ✗ Slyss sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður er sé farþegi í áætlunar- eða leiguflygi á vegum aðila sem hefur tilskilinn leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- ✗ Slyss sem verða í fallhlífarstökki, teygjustökki, drekaflugi og svifflygi.
- ✗ Slyss sem verða við ástundun akstursíþróttar, hvort sem er við æfingar eða keppni.
- ✗ Slyss er sá sem váttryggður er verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert orsakasamband hafi verið milli þess ástands váttryggðs og slyssins.

- ✗ Slys sem verða vegna lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanoðkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.
- ✗ Slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun, hvers kyns smiti eða neyslu
- ✗ Slys, sem beint eða óbeint orsakast af blindu, mikilli nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfð, lömun, bæklun, flogaveiki, slagi, sykursýki, eða öðrum alvarlegum sjúkdómum og/eða sjúkdómseinkennum.
- ✗ Slys sem verða í frítíma vátryggðs

### ÁBYRGÐARTRYGGING

- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna notkunar áhorfendapalla sem ekki hafa verið teknir út og samþykktir af viðeigandi yfirvöldum.
- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna notkunar vélknúins ökutækis s.s. bifreiðar, skíps, báta eða loftfara. Þó ber félagið ábyrgð vegna vinnuvéla sem ekki eru skráningarskyld og komast ekki yfir 20 km. hraða á klukkustund.
- ✗ Skaðabótaábyrgð ef önnur vátrygging tekur yfir tjónið svo sem brunatrygging fasteigna, lausafjártrygging eða önnur ábyrgðartrygging.
- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna muna sem að vátryggður hefur að láni, í geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.
- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna dýrahalds eða dýragæslu. Slíka áhættu er hægt að vátryggja sérstaklega.
- ✗ Ábyrgð vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál.
- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna tjóna sem rekja má til blysa, flugelda eða annarra sprengiefna.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



## ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber vátryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.
- Vátryggingin gildir ekki: a) við framkvæmd á alþjóðamóti fyrir alþjóðleg íþróttasambönd s.s. ólympíuleikum, heimsmeistaramót eða Evrópumót; b) við athafnir, framkvæmdir eða verkefni sem eru viðskiptalegs eðlis og tengjast ekki beint tilgangi félagsins, mótshaldi þess eða almennri fjáröflun sem vani er að sé stunduð í tengslum við tilgang félagsins.c) við athafnir eða framkvæmdir í tengslum við flugeldasölu. Slíkt er þó hægt að sértryggja gegn viðbótariðgjaldi.



## HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Bætur úr ábyrgðartryggingunni vegna atvika sem eiga sér stað í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Kanada og Mexíkó takmarkast við málskostnað, kostnað við að koma í veg fyrir eða takmarka tjón og bætur vegna þeirra beinu hagsmuna sem hafa orðið fyrir tjóni.



## HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Vátryggðum er skylt að veita Verði heimild til að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar þess er óskað.



## HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



## HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



## HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni skriflega upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu. Løggjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt vátryggingunni.